


Fílabeinsturninn og flotpramminn

Gervimannúð og valdaeinangrun í íslenskri
stjórn málaumræðu



Höfundur: Kári skrifar
Dagsetning: 24. ágúst 2025

Efnisyfirlit

1	Inngangur	4
2	Grein eftir Gad Saad	5
2.1	Samantekt	6
3	Fjarvera ábyrgðar	7
3.1	Siðferðileg mótsögn	7
3.2	Áhrif á almenning	7
3.3	Hræsnin í röngum búningi	7
3.4	Fílabeinsturnar valdastéttarinnar	7
4	Flotpramminn – byrðar þjóðarinnar	9
4.1	Gervimannúð sem stjórnvaldataeki	9
4.2	Alþjóðlegt samhengi	10
4.3	Áhugi valdaklíkunnar á ESB	10
4.4	Firring valdaklíkunnar	11
5	Varnir gegn glæpamennsku	13
5.1	Tillögurnar	13
5.2	Lífstíðardómar fyrir alvarleg kynferðisbrot	13
5.3	Helstu áherslur	14
5.4	Rökstuðningur og samstaða	14
5.5	Niðurstöður	15
5.6	Samantekt á niðurstöðum	16
5.7	Ályktun	17
5.8	Kerfisskratti og þjóðin	18

L^AT_EX

1 Inngangur

Íslenskt samfélag hefur á síðustu árum staðið frammi fyrir auknum vandamálum vegna öryggis, menningar og félagslegrar samheldni. Stefnan sem mörkuð hefur verið af ráðandi fólki í stjórn mála flokkum og embættismönnum er oft kynnt sem mannúðleg og jafnvel talin fela í sér siðferðislega yfirburði. Hins vegar má lýsa þessari stefnu sem **gervimannúð** – yfirborðskenndri afstöðu sem þjónar fyrst og fremst þeim sem móta hana, en bitnar á almenningi.

Þetta er stefna „góða fólksins“ sem tilheyrir „hinna þjóðinni“ á Íslandi og vill skipta út megin þjóðinni fyrir allskonar fólk sem enginn veit deili á og ekki þykir rétt að kanna. Allri gagnrýni er snúið upp sem „tortryggni gegn útlendingum“ sem er auðvitað galin umræða.

Þessi pistill greinir í fáeinum orðum hvernig valdaklíkan í íslenskum stjórn málum hefur mótað stefnu og afleiðingar sem hún þarf sjálf aldrei að takast á við, þar sem hún býr í fíllabeinsturnum sem eru einangraðir frá þeim raunveruleika sem þjóðin – flotpramminn – siglir á.

[Í boði „góða fólksins“]

Miskunn sína markaðssetur,
margt þó ekki talið.

Því góða fólkið gróðursetur,
glæpamannavalið.

2 Grein eftir Gad Saad

Í greininni *Multiculturalism: A Failed Policy*¹ gagnrýnir prófessor Gad Saad fjölmenningsstefnu sem pólitíska hugmyndafræði sem hefur mistekist að stuðla að samheldni og siðferðilegri samræðu í vestrænum samfélögum. Hann greinir á milli fjölmenningsar sem menningarlegrar fjölbreytni — sem hann fagnar — og fjölmenningsarstefnu sem hann telur skaðlega. Sú stefna byggir á menningarlegri afstæðishyggju, þar sem öll menning er talin jafngild, óháð því hvort hún styður frelsi, jafnrétti eða mannréttindi.

Saad telur að þessi afstaða grafi undan grunnildum vestrænna samfélaga og stuðli að aðskilnaði frekar en samþættingu. Hann lýsir eigin reynslu sem flóttamaður frá Líbanon til Kanada og segir sig hafa meðvitað kosið að aðlagast vestrænum gildum sem hann telur yfirburðargildi. **Hann gagnrýnir hugmyndina um að innflytjendur eigi ekki að þurfa að aðlagast nýju samfélagi og varar við því að slík stefna geti leitt til félagslegrar sundrunar.** Að lokum hvetur hann til þess að vestræn samfélög verndi sín siðferðilegu gildi og geri kröfur um aðlögun þeirra sem flytja inn.²

¹Mætti þýða sem: Fjölmennings: Stefna sem mistókst.

²Greinin er aðgengileg á vef Psychology Today: [Multiculturalism: A Failed Policy](#).

2.1 Samantekt

- **Tvennskonar merking fjölmennningar:** Menningarleg fjölbreytni (jákvæð) vs. fjölmennningarstefna (gagnrýnd).
- **Menningarleg afstæðishyggja:** Hugmyndin um að öll menning séu jafngild, óháð siðferðilegum grunngildum.
- **Skortur á aðlögun:** Stefna sem gerir ekki kröfu um að innflytjendur tileinki sér gildi gístiríkis.
- **Ógn við vestræn gildi:** Fjölmennningarstefnan grafi undan frelsi, jafnrétti og lýðræði.
- **Persónuleg reynsla höfundar:** Flótti frá Líbanon til Kanada og meðvituð aðlögun að vestrænum gildum.
- **Ályktun:** Samfélög ættu að vernda eigin siðferðileg gildi og gera kröfur um aðlögun nýrra íbúa.

3 Fjarvera ábyrgðar

Stjórnámálamaður sem styðja stefnu opinna landamæra í innflytjendamálum búa sjaldnast í hverfum þar sem hælisleitendur eru hýstir. Þeir þurfa því ekki að takast á við aukið álag á skólum, heilbrigðiskerfi eða á húsnæðismarkaði. Þeir þurfa ekki að útskýra fyrir börnum sínum af hverju leikskólinn er yfirfullur eða hvers vegna biðlistar á heilsugæslunni lengjast.

3.1 Siðferðileg mótsögn

Ef stjórnámálamaður kallar stefnu „mannúðlega“, en myndi ekki hýsa hælisleitendur í eigin bílskúr eða barnaherbergi, vaknar spurningin: Er samúðin raunveruleg, eða einfaldlega pólitískt þægileg? Mannúð án persónulegrar ábyrgðar verður að tómu tali.

3.2 Áhrif á almenning

Það er ekki valdaklíkan í þinghúsum eða ráðuneytum sem ber kostnaðinn af eigin „gæsku“. Það er minnkandi millistéttin, verkafólk, einstæðar mæður og lágtækjufjölskyldur sem þurfa að deila takmörkuðum innviðum með sífellt stærri hópi nýrra íbúa. Þeir sem móta stefnuna ættu að líta í eigin barm og spyrja sig: Myndi ég vilja hýsa þetta fólk sjálf/sjálfur?

3.3 Hræsnin í röngum búningi

Mannúð er dýrmæt, en hún verður að vera heiðarleg. Ef stjórnámálamaður vilja styðja opin landamæri og glundroða, ættu þeir að vera tilbúnir að axla hluta af byrðinni sjálfir. Annars er það ekki mannúð — heldur tvískinnungur.

3.4 Fílabeinsturnar valdastéttarinnar

- Ráðamenn, og áhrifafólk, búa almennt í hverfum þar sem fasteignamat er hátt og fasteignaverð hleypur á hundruð milljóna króna og félagsleg vandamál eru vonandi

fjarverandi.

- Verslun og viðskipti fara oft fram erlendis eða í lokuðum rýmum, fjarri daglegu lífi almennings.
- Stefnumótun fer fram í siðferðislegum hugmyndaramma sem byggir á hugtökum eins og „fjölmenningu“, „réttlæti“ og „mannúð“, en í framkvæmd snerta áhrifin ekki þetta fólk.
- Aðgangur að öryggi, menntun og heilbrigðisþjónustu er ekki sá sami og fyrir almenna borgara, og valdhafar eru sjaldan á vettvangi þar sem afleiðingar stefnu þeirra koma fram.

4 Flotpramminn – byrðar þjóðarinnar

- Almenningur þarf að takast á við raunverulegan vanda: stunguárásir, glæpamennsku og félagslega spennu í hverfum þar sem brotalamir í samþættingu og stefnu koma berlega í ljós.
- Innflytjendamála, sem kynnt eru sem mannúðleg, lenda á samfélagi sem hefur takmörkuð úrræði til að takast á við afleiðingarnar.
- Gagnrýni á þessa þróun er oft stimpluð sem fordómar eða „hatusorðræða“, jafnvel þótt hún byggji á reynslu og vandamálum sem blasa við.
- Þjóðin ber kostnaðinn af óraunsærri stefnu, bæði fjárhagslega og félagslega – en þeir sem móta hana bera ekki ábyrgð á afleiðingunum. Sumir þeirra bjóða sig jafnvel fram til æðstu starfa í þjóðfélaginu á eftir!

4.1 Gervimannúð sem stjórnvaldataeki

Hugtakið **gervimannúð** lýsir því fyrirbæri þegar siðferðileg hugtök eru notuð sem yfirskrift fyrir stefnu sem lítur vel út í orði, en reynist í framkvæmd yfirborðskennd og óheiðarleg. Þetta birtist t.d. í:

- Stefnu vinstri grænna og pírata um að flýta innleiðingu réttinda og kosningaréttar fyrir innflytjendur.¹
- Ummælum sumra þingmanna, um að skipta um þjóð í landinu undir formerkjum mannúðar.
- Vaxandi alþjóðlegri umræðu um að fjölmenningsstefna sé stundum notuð sem **pólítískt útreiknað valdataeki**.

¹ Kjósendur báru gæfu til að losa sig við báða þessa flokka í síðustu alþingiskosningum.

- Þögn ráðamanna um vandamál sem þeir hafa mótað, en ekki þurft að takast á við sjálfir.

4.2 Alþjóðlegt samhengi

Þessi þróun er ekki séríslensk. Í Evrópu og Bandaríkjunum hefur svipuð gagnrýni komið fram:

- Í Bandaríkjunum styðja Demókratar opnari innflytjendastefnu til að breikka kjósendahóp framtíðarinnar.
- Í Þýskalandi² og Frakklandi hefur gagnrýni komið fram á fjölmenningsstefnu sem ógn við samheldni og þjóðarvitund.
- Í Austur-Evrópu, eins og í Ungverjalandi og Póllandi, hefur verið lögð áhersla á að vernda menningu gagnvart utanaðkomandi áhrifum.

4.3 Áhugi valdaklíkunnar á ESB

Áhugi íslensku valdaklíkunnar á aðild að Evrópusambandinu, og því að afsala þjóðinni þannig stórum hluta fullveldisins, á sér ýmsar skýringar.

- Fólki í valdaklíkunni þykir íslensk þjóð ekki nógu spennandi og ekki hægt að monta sig af því erlendis þótt íslensk stjórnvöld standi við skyldur þjóðríkis gagnvart eigin borgurum.
- Þeir sem vilja tilheyra valdaklíkum telja sig eiga meira sameiginlegt með fólki í öðrum valdaklíkum en ríkisborgurum eigin ríkja.
- Eiginhagsmunapot ræður þarna mjög miklu. Vonin að komast í „feitar stöður“ hjá Evrópusambandinu kitlar hégómagirnd sumra. Þetta fólk sér fyrir sér t.d. **Ráðið**³, þar sem skipt eru um forseta þess á sex mánaða fresti. Valdagræðgin er aldrei langt undan.⁴ Það fylgir yfirleitt óhæfu fólki að það telur sjálft sig manna hæfast þótt áralöng reynsla hafi sýnt fram á hið gagnstæða.
- Íslenska valdaklíkan hefur séð hvernig margs konar réttindi fólks innan ESB eru „barin niður“. Nægir að nefna baráttu Sambandsins gegn mál- og tjáningarfrelsi og

²BBC News: [Merkel says German multiculturalism has failed \(2010.\)](#)

³Sjá t.d.: [The presidency of the Council of the EU.](#)

⁴Má þar minna á drauma fyrrum utanríkisráðherra um aðild Íslands að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

fáranlegar reglur um það hvað fólk megi hugsa og segja. Fólk innan valdaklíkunnar sér sér þarna leik á borði að beygja Íslendinga undir vald sitt og njóta síðan fulltingis stofnana ESB ef hægt gengur í baráttunni gegn þjóðinni. Þarna hyggjast menn sem sagt ná sér í valdataeki, ekki fyrir íslenska þjóð heldur gegn íslenskri þjóð ef hún er með „eitthvert múður.“

4.4 Fíring valdaklíkunnar

Valdaklíkan í íslenskum stjórnmálum hefur fjarlægst veruleika almennings. Heimsmynd hennar mótast af ráðstefnum, fyrirlestrasölum háskóla, Davos-fundum, bros-fundum með erlendum þjóðarleiðtogum, og alþjóðlegum samskiptavettvangi þar sem gildi og hugtök eru mótuð fjarri þeim samfélagslegu áhrifum sem stefna þeirra veldur. Þetta birtist m.a. í:

1. **Notkun hugtaka** eins og „samkennd“, „menningarauður“, „þvermenningarleg færni“ og „inngilding“ sem ekki eru rýnd með raunverulegum dæmum úr íslensku samfélagi.
2. **Vanþekkingu** á því hvernig lagasetning og ákvarðanir bitna á almenningi, t.d. efnalítlu barnafólki, einstæðum foreldrum og fólki í tekjulægri hópum.
3. **Stofnumörkun** sem byggir á viðmiðum frá stofnunum eins og Evrópusambandinu, OECD og Sameinuðu þjóðunum — jafnvel þótt ýmislegt sem þaðan kemur væri betur haldið frá íslensku samfélagi.
4. **Skorti á raunsæi** í tengslum við tölfræði, lýðfræði og efnahagsleg áhrif — oft er vísað í ófullnægjandi gögn eða viðkvæmni sem réttlætingu fyrir því að sleppa gagnrýnum greiningum.
5. **Hvernig lög og réttur** eru fótum troðin. Meðlimir valdaklíkunnar telja sig hafna yfir lög og rétt. Lögin eru bara fyrir almenning. Í fílabEinsturnum gilda allt önnur lög. Lendi klíkufólk í ráðherraembættum hika það ekki við lögbrot og gerræðislegar ákvarðanir - og virðist yfirleitt komast upp með það!
6. **Stofnun „Mannréttindaráðs“** sem ætlað er að tryggja mannréttindi innfluttra glæpamanna og tryggja að íslenskir ríkisborgarar lagi sig að „inngildingunni“ og hindra kröfur Íslendinga um **aðlögun** innfluttra.
7. **Skoðunum**. Því hvað menn geta skipt snarlega um skoðun. Kjósendur hafa oft ekki hugmynd um hvar þeir hafa marga stjórnmálamenn.
8. **Undirlægjuhætti** gagnvart erlendu valdi og algeru skeytingarleysi um vilja almennra kjósenda á Íslandi.

9. **Furðulegu sinnuleysi** um „íslenskt fullveldi“ sem þó er undirstaða þess að geta yfirleitt tekið ákvarðanir sem einhverju máli skipta.
10. **Nánast algeru virðingarleysi** fyrir þjóðfánanum en mikilli undirlægju gagnvart „öðrum fánunum“.
11. **Skilningsleysi** á þýðingu íslenskrar efnahagslögsögu [EEZ].
12. **Upphafningu** á margskonar brenglun og brengluðum hugsunarhætti.
13. **Réttlættingu** á eiturfjaneyslu og útbreiðslu eiturfja.
14. **Fullkomnu virðingarleysi** gagnvart mannlífum og lífsréttinum. Alþingismenn ræða um „dánaraðstoð“ og fóstureyðingar sem tæknileg úrlausnarefni — án siðferðislegrar íhugunar eða virðingar fyrir mannlífinu sjálfu. Lífsrétturinn virðist afskrifaður sem hugtak sem eigi ekki lengur við. Samt beitir sama fólk sér fyrir móttöku fólks frá stríðshrjáðum svæðum og talar þá allt í einu um „mannúð“, „lífsvernd“ og „rétt til verndar“. Þessi tvískinnungur undirstrikar „sveigjanlegt siðferði“ og hvernig siðferðileg rök eru notuð eftir hentugleika.
15. **Endurskilgreiningu hugtaka.** Orðum og hugtökum er breytt til þess að þau styðji vel við hugmyndafræði „fjölmennningar“ og útpynningar, sbr. orðskrípið „inngilding.“
16. **Virðingarleysi** gagnvart stjórnarskránni. Hún hefur ekki meira vægi en borðtuska í hugarheimi margra þingmanna.
17. **Botnlausu bruðli** með skattfé almennings. Gott dæmi um það eru t.d. málefni hælisleitenda þar sem upphæðir hlaupa að minnsta kosti orðið á tugum milljarða, þegar allt er talið.
18. **Frjálslegri meðferð á fé** sem t.d. eru ætlað til að mæta náttúruhamförum en er notað til að halda monráðstefnu í Hörpu.
19. **Grotnun opinberrar þjónustu** og skeytingarleysi ráðamanna þar um. Hvort sem um ræðir vegakerfi eða heilbrigðiskerfi er álag í botni en ástand undir væntingum víða.⁵

Valdaklíkan hefur þróað orðræðu sem er ætlað að lýsa samkennd, réttlæti og þroska, en í raun endurspeglar hún skýra firringu – þar sem sjálfsmynd og sýndarmennska eru mikilvægari en afleiðingar stefnunnar sem rekin er. Það er ekki gert ráð fyrir neinum veruleika utan þess vettvangs þar sem stefnumótun verður — og því fær þjóðin sjálf að bera afleiðingar af gerðum fólks sem sjálft er víðs fjarri.

⁵Sjá t.d. „Farin að missa bolta í heilbrigðiskerfinu“, *Morgunblaðið*, 20. ágúst 2025. [Lesið fréttina hér](#).

5 Varnir gegn glæpamennsku

Árið 2023 fól sænska ríkisstjórnin Petru Lundh, ríkislögreglustjóra, að gera heildarúttekt á viðurlagakerfi Svíþjóðar. Skýrslan, sem var afhent dómsmálaráðherra í júní 2025, inniheldur róttækar tillögur sem miða að því að styrkja viðbrögð réttarkerfisins við alvarlegri brotastarfsemi.¹

5.1 Tillögurnar

Ríkislögreglustjóri Petra Lundh leggur til að refsingar verði hertar fyrir um 50 tegundir brota. Í skýrslunni er einnig lagt til að afnema þá reglu að fangelsi sé undantekning. „Viðurlögin eiga að endurspegla alvarleika brotanna,“ segir Petra Lundh.

Árið 2023 fól sænska ríkisstjórnin Petru Lundh að gera heildarúttekt á refsiramma og viðurlögum innan refsiréttarins. Á fimmtudagsmorgni afhenti hún tæplega 2.000 blaðsíðna skýrslu til dómsmálaráðherra, Gunnars Strömmer.

Í skýrslunni er meðal annars lagt til að hækka hámarksrefsingar fyrir um 50 tegundir afbrota. Þar á meðal eru gróf líkamsárás og nauðgun. Einnig er lagt til að hækka refsingar fyrir aðild að glæpum þar sem ungmenni eru dregin inn.

Að auki er lagt til að innleiða kerfi með skilyrtu fangelsi og afnema reglu sem gerir fangelsi að síðasta úrræði. Petra Lundh vill einnig nýja reglugerð um það hvernig refsiramma er beitt. Samkvæmt skýrslunni á efri hluti refsirammans ekki lengur að vera aðeins fyrir einstök tilvik – heldur eiga öll stig rammans að nýtast í auknum mæli.²

5.2 Lífstíðardómar fyrir alvarleg kynferðisbrot

Í skýrslunni er einnig lagt til að innleiða sérstaka reglu um hvernig refsipýngd skal metin þegar um er að ræða mörg brot. Samkvæmt Lundh er reglan hugsuð til að „auka verulega vægi viðbótarbrota.“

¹Så vill rikspolischefen reformera påföljdssystemet. Svona vill ríkislögreglustjóri endurbæta viðurlagakerfið. Eftir William Eriksson – birt 5. júní 2025.

²Så vill rikspolischefen reformera påföljdssystemet.

Til dæmis ætti sá sem er dæmdur fyrir röð alvarlegra kynferðisbrota, þar af tvær grófar nauðganir, að geta fengið lífstíðarfangelsi.

„Tillögurnar vinna saman og ber að líta á þær sem heild – sem umbótapakka,“ segir Petra Lundh og bætir við að allir sérfræðingar sem komu að vinnunni hafi stutt tillögurnar.

Hún bendir þó á að tvö sérálit hafi verið lögð fram, þar sem meðal annars er gagnrýnt hversu skammur tími var gefinn til vinnunnar.

5.3 Helstu áherslur

Tillögurnar ná yfir fjölmörg svið og fela í sér eftirfarandi breytingar:

- Hækkun hámarksrefsingar fyrir um 50 tegundir brota, þar á meðal grófa líkamsárás og nauðgun.
- Harðari refsingar fyrir aðild að glæpum þar sem ungmenni eru dregin inn.
- Innleiðing kerfis með skilyrtu fangelsi.
- Afnám reglunnar um að fangelsi sé undantekning („presumption mot fängelse“).
- Ný regla um hvernig refsipýngd skuli metin þegar um er að ræða mörg brot – með það að markmiði að auka vægi viðbótarbrota.
- Lífstíðardómar verði mögulegir í málum sem fela í sér röð alvarlegra kynferðisbrota.
- Breytt notkun refsiramma – öll stig rammans skulu nýtast, ekki aðeins í undantekningartilvikum.

5.4 Rökstuðningur og samstaða

Petra Lundh leggur áherslu á að viðurlögin eigi að endurspegla alvarleika brotanna. Hún telur að tillögurnar vinni saman sem heild og að umbætur þurfi að vera samverkandi. Allir sérfræðingar sem komu að vinnunni stóðu að baki tillögunum, þó tvö sérálit hafi verið lögð fram þar sem skammur tími til vinnunnar var gagnrýndur.³

³Sá vill rikspolischefen reformera påföljdssystemet.

5.5 Niðurstöður

Tillögur Lundh endurspegla harðari stefnu í refsivörslu Svíþjóðar og eru í takt við pólitíska strauma sem leggja áherslu á öryggi og ábyrgð. Þær fela í sér kerfisbreytingar sem gætu haft víðtæk áhrif á meðferð alvarlegra brotamála og réttarkerfið í heild.

Sumir íslenskir stjórnámálmenn vilja horfa til Svíþjóðar þegar þeim þykir það henta. Ekki er langt síðan að þvælt var um „afglæpavæðingu“ eiturlyfja á Alþingi! Þegar yfirvöld í Svíþjóð telja að herða þurfi refsingar vegna alvarlegra brota (sem eru mörg) ættu stjórnámálmenn á Íslandi að rumska. Á Íslandi snýst allt um **galopin landamæri**, innflutning glæpamanna og félagslegra vandamála. Fyrrum ráðherra, Guðni Ágústsson, lýsti nýlegri og ánægjulegri heimsókn sinni til Færeyja í viðtali á Útvarpi Sögu.

Hann nefndi m.a. að Færeyingar stjórnðu sínum landamærum og því hverjir kæmu inn í landið - að **engin brjálsemi** ríkti í Færeyjum. Betur er varla hægt að orða þetta. En með gagnályktun má segja að á Íslandi hafi ríkt næstum samfelld brjálsemi síðustu 20 ár eða svo. Á meðan Færeyingar halda í menningarleg gildi þjóðar sinnar er fullveldi og þjóðfána „sópað út á haf“ á Íslandi. Þjóðkirkjan er einnig markvisst eyðilögð innan frá og í stað kristnifræðikennslu kemur rétttrúnaður og áróður „góða fólksins.“ Háskólar landsins eru uppfyllir af kreddum og áróðri líka, oft í nafni „vísinda.“ Íslenskt ríkisvald laskaðist verulega í efnahagshruninu haustið 2008. Í kjölfarið fengu alls konar annarleg sjónarmið brautargengi, í skjóli upplausnarinnar. Dæmi um það mátti m.a. sjá á Alþingi. Stjórnleysi og „fjölmennning“ náðu að hreiðra um sig sem afsprengi glundroða og veikingar íslensks ríkisvalds.

Íslenska þjóðin er enn að súpa seyðið af því þótt þörf og góð hreinsun hafi orðið í síðustu alþingiskosningum. Verkefnið framundan, ef ekki á illa að fara, er það að endurreisa stoðir íslensks samfélags, hafna öllum hugmyndum um „afglæpavæðingu“ glæpamennsku, koma upp alvöru landamæraeftirliti, hreinsa til í skólum og þjóðkirkjunni, þannig að sönn menntun og þekking gangi skilyrðislaust framáróðri og glundroðafræðum, að allar hugmyndir um „laufblöð“ í stað krossa verði slegnar út af borðinu, í eitt skipti fyrir öll. Ljósíð í myrkrunu er þó það, þrátt fyrir allt, að fólk sem iðkar andlega tengingu er ekki háð innanmeinum í þjóðkirkjunni til þess að ná góðu sambandi. Þótt fram hafi komið aldeilis furðulegar og fáránlegar hugmyndir á Alþingi um aðgerðir gegn „hatursorðræðu“ þá er það svo, þrátt fyrir allt, að hugsanir sínar hafa menn enn þá útaf fyrir sig, kjósi þeir það.

Þeim prestum sem ekki treysta sér til þess að starfa í nafni og anda kristni verði boðinn starfslokasamningur, enda þá komnir út fyrir sín mörk. Fyrsta skrefið er að fara á fund Færeyinga, ekki í þeim tilgangi að boða þeim „íslenska fagnaðarerindið“ heldur til að læra af þeim hvernig á að reka þjóðfélag eins og siðað fólk með skynsemi að leiðarljósi. Að ná stjórn á glæpum er stór liður í því. Því miður hefur ákveðinn rétttrúnaður einnig náð

inn í raðir lögreglunnar og kennslu nýrra lögreglumanna. Það er vissulega afleit þróun. „Upplifanir“ skipta orðið meira máli en veruleikinn.

Þannig má segja að margar stofnanir samfélagsins séu orðnar gegnsýrðar af rétttrúnaði og einhverjum huglægum, persónulegum veruleika. Veruleikinn sjálfur, um það sem raunverulega gerist, skiptir oft minna máli. Hámark þessarar þróunar verður það þegar öll brot á lögum á Íslandi verða háð „upplifun“ hvers og eins. Þar með hverfa flestir glæpir sjálfkrafa því það hvort fólk fer að lögum eða ekki verður eingöngu háð „upplifun“ brotamannsins sjálfs af eigin gerðum. Þeim verður í sjálfsvald sett að ákveða hvort þeir hafi brotið lög eða ekki. Þannig má létta álagi af lögreglu sem ekki þarf að eyða tíma í rannsókn mála eða ákæra að „óþörfu“. Lögbrot sem slík verða alger aukaatriði enda munu engir tveir lengur verða sammála um það hvað skuli teljast afbrot.

5.6 Samantekt á niðurstöðum


- **Tillögur Lundh í Svíþjóð** sýna harðari refsistefnu og kerfisbreytingar sem leggja áherslu á öryggi og ábyrgð — í andstöðu við umræðu um afglæpavæðingu á Íslandi.
- **Íslensk stefna um galopin landamæri** hefur leitt til innflutnings glæpamanna og aukinna félagslegra vandamála, á meðan Færeyingar halda í menningarleg gildi og stjórna eigin landamærum.
- **Fullveldi Íslands** hefur verið veikt, þjóðfáninn vanvirtur og þjóðkirkjan markvisst afbyggð; kristnifræðikennsla hefur vikið fyrir rétttrúnaði og áróðri.
- **Efnahagshrunið 2008** gaf annarlegum sjónarmiðum brautargengi og stuðlaði að stjórnleysi og fjölmenningsstefnu sem afsprengi glundroða í ríkisvaldinu.
- **Nauðsynlegt er að endurreisa stoðir samfélagsins:** hafna afglæpavæðingu, styrkja landamæraeftirlit, hreinsa til í skólum og þjóðkirkju, og tryggja að menntun og þekking gangi framár áróðri og innrætingu.
- **Rétttrúnaður** og „huglægur veruleiki“ hafa smitast inn í stofnanir samfélagsins, þar á meðal lögregluna; ef lögbrot verða háð „upplifun brotamannsins“, hverfa glæpir í reynd og lögin missa gildi sitt.

5.7 Ályktun

Gjáin sem myndast hefur milli valdhafa og þjóðarinnar er kerfisbundin, siðferðisleg og félagsleg. Valdaklíkan býr í fílabEinsturnum sem gera henni kleift að hanna stefnu í nafni siðferðis og mannúðar – en það er þjóðin á flotprammanum sem þarf að sigla í gegnum afleiðingarnar. Sigling almennings á prammanum hefur oft verið í miklum ólgusjó en það snertir ekkert fólkið í fílabEinsturnunum - þar innanhúss er allt í góðu lagi.

Hugtak eins og **gervimannúð** dregur fram hvernig þetta misræmi birtist í opinberri umræðu. Til þess að endurheimta traust og sanngirni í stjórnmálum þarf að brúa bilið á milli valds og veruleika. Það er byrjunin.

5.8 Kerfisskratti og þjóðin



Hesturinn táknar þjóðina sem ber byrðarnar.
Stjórnartaumar eru í höndum kerfisskrattans,
undir merkjum ESB.

Fánarnir tákna yfirráð, tengsl og afleiðingar valdsins.
Fætur hestsins eru þrír;
tákna löggjafar-, dóms og framkvæmdavald.